

## **19. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 4. desember kl 17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.**

Mættir: Þorgerður Laufey Dýrriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari (vék af fundi kl.17:45) og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sat fundinn eftirtalinn áheyrnarfulltrúar, Guðjón Guðmundsson, formaður tækninefndar karla, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Friðbjörn Möller gjaldkeri og Halla Kari Hjaltested formaður tækninefndar kvenna, boðuðu forföll.

Formaður setur fundinn kl 17.05.

Dagskrá

### **1. Fimleikakona og fimleikakarl 2012**

Stjórn hafa borist tilnefningar og greinagerð frá tækninefnd kvenna og karla í áhaldafimleikum og tækninefnd í hópfimleikum. THF sendi inn tvær tilnefningar um fimleikakonu ársins, þær sem tilnefndar voru Kristjana Sæunn Ólafsdóttir og Íris Mist Magnúsdóttir, hins vegar sendi THF ekki inn tilnefningu um fimleikamann ársins. TKV sendi inn eina tilnefningu um fimleikakonu ársins, Tinna Óðinsdóttir og TK tilnefndi einn fimleikamann til kjörs um fimleikamann ársins Róbert Kristmannsson, jafnfram lagði TK til að Ólafi Garðari Gunnarssyni yrði veitt sérstök viðurkenningu fyrir frábæran árangur á NEM.

Málið rætt

**Samkvæmt 14. gr. reglugerðar FSÍ velur stjórn sambandsins fimleikakarl og fimleikakonu ársins að loknu keppnistímabili að fengnum tilnefningum frá tækninefndum.**

**Stjórn FSÍ velur sem fimleikakonu ársins 2012 Írisi Mist Magnúsdóttur og Róbert Kristmannsson sem fimleikakarl ársins 2012. Viðurkenning til þeirra og annarra sem hljóta heiðursviðurkenningar FSÍ 2011 verða veittar við hátíðlega athöfn milli jóla- og nýárs. Framkvæmdarstjóra falið að útbúa fréttatilkynningu um fimleikamann og fimleikakonu ársins og senda á fjölmiðla til kynningar.**

### **2. Uppskeruhátíð FSÍ**

Á þingi FSÍ haldið var ákveðið að halda uppskeruhátíð FSÍ árlega, á þeirri hátíð gefst tækifæri til að heiðra þá sem hafa skarað fram úr á árinu og veita viðurkenningar samkvæmt 15 gr. reglugerðar FSÍ. F.S.I. veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið og fimleikana í landinu.

- Starfsmerki F.S.Í. skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin. Gullmerki F.S.Í. skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
- Afreksmerki F.S.Í. skal veita einstaklingi sem skarað hefur fram úr í keppnum og náð frábærum árangri.
- Afreksbikar F.S.Í. fyrir besta árangur ársins, skal veittur þeim sem skarað hafa fram úr á árinu. Hægt er að veita bikarinn fyrir árangur í starfi, keppni eða á annan hátt sem stjórn ákveður.

Málið rætt

**Samþykkt er að halda uppskeruhátíð fimmtudaginn 27. desember. Framkvæmdastjóra falið að ljúka undirbúningi hátíðarinnar, þ.m. að útvega sal og veitingar.**

**Framkvæmdastjóra er einnig falið að senda póst á öll félög og óska eftir tilnefningum fyrir afreksbikar 2012 ásamt því að óska eftir tilnefningum fyrir veitingu starfsmerki FSÍ.**

## **2. Málþing um íþróttir fyrir alla**

Í kjölfar umræðna um getuskiptingu barna í íþróttum og ábyrgð þjálfara á þjálfun barna. Vaknar sú spurning hvor ekki sé mikilvægt fyrir fimleikahreyfinguna að funda um þessi atriði. Lagt er til við formann og ritara að stofna nefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa málþing þar sem örerindi verði fjallað um þessi mál. Lagt er til að ráðstefnan verði á þeim tíma sem þjálfarar og foreldrar eigi kost á að mæta

Málið rætt

**Stjórn fimleikasambandsins samþykkir að stofnaður verði undirbúningsnefnd, undir forsvari formanns og ritara, til að skipuleggja slíka ráðstefnu.**

## **3. EM Hópfimleikar 2014**

Fyrir liggur greinagerð sem varaformaður lagði fram um mat á þeim möguleikum FSÍ að halda Evrópumeistaramót í Hópfimleikum hér á landi 2014 ásamt grófri kostnaðaráætlun fyrir það verkefni.

Málið rætt

**Stjórn fimleikasambandsins fagnar þessari hugmynd og leggur til að frekari ítarlegri greinagerð verði lögð fyrir á fyrsta fundi stjórnar á nýju ári en um leið verði komin skilaboð til tækninefnda UEG í hópfimleikum um áhuga okkar á að halda Evrópumeistaramót í hópfimleikum 2014.**

## **4. Dómaranefnd, tilnefningar frá tækninefndum**

Í kjölfar 18.fundar stjórnar 20.nóvember þá óskaði framkvæmdastjóri eftir að tækninefndir tilnefndu 2 fulltrúa í starfshóp um endurskoðun á dómarafyrirkomulagi FSÍ. Eftirfarandi aðilar hafa verið tilnefndir; fyrir TK Sigurður H. Pétursson og Guðjón Guðmundsson, fyrir TKV Sandra Matthíasdóttir og Hlín Bjarnadóttir, fyrir THF Íris Svavarsdóttir og Auður Inga Þorsteinsdóttir, fulltrúi stjórnar verður Jósep Húnfjörð.

Málið rætt

**Stjórn fimleikasambandsins samþykkir tilnefningar tækninefndar og óskar eftir að framkvæmdastjóri boði til fyrsta fundar starfshópsins.**

## 5. Smáþjóðaleikar 2015, skipun undirbúningsnefndar

Föstudaginn 30. nóvember sl var boðað til fundar hjá ÍSÍ um Smáþjóðaleikana sem halda á á Íslandi 2015. Þar var tilkynnt að formaður undirbúningsnefndar Íslands er Helga S Guðmundsdóttir og aðrir í þeirri nefnd verða aðilar frá menntamálaráðherra, Reykjavíkurborg og ÍBR ásamt fulltrúum frá sérsamböndum ÍSÍ. Smáþjóðaleikarnir verða á Íslandi dagana 1 til 6 júní 2015. Að þessu sinni verða áhaldfímleika ein af keppnisgreinum smáþjóðaleikanna.

Mikivægt er að að hvert sérsamband skipi undirbúningsnefnd sem hefur það hlutverk að sjá um ýmis tæknileg atriði sem snúa að hverri sérgreins s.s. tímasetningar á móti, húsnæði og aðrar sérþarfir.

Málið rætt

**Stjórn FSÍ mikilvægt undirbúningur að smáþjóðaleikum 2015 sé með sem bestum hætti og mögulegt er, Fímleikahreyfingin á Íslandi er þekkt fyrir frábært mótahald og umgjörð og aðstaða er með því besta sem þekkt í heiminum. Stjórn fímleikasambandsins hefur óskað eftir að Hlín Bjarnadóttir verði í nefndinni og hefur hún samþykkt það.**

Til kynningar.

1. fundargerð TK 22.nóv
2. fundargerð TK 17.okt
3. fundargerð TKV 15.nóv

Fundi slitið kl.18:40.